

# UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 9139/2016

Reykjavík, 28. desember 2016

Steinar Berg Ísleifsson  
Fossatúni  
311 Borgarnesi

Ég vísa til kvörtunar yðar er barst mér 8. desember sl., og viðbótargagna er bárust mér 14. desember sl. Lýtur kvörtun yðar að svörum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 30. nóvember sl., við bréfi yðar, dags. 2. nóvember sl., er laut að meðferð máls og undirbúnningi lagasetningar þegar lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiðar, var breytt með lögum nr. 50/2015. Af kvörtun yðar ræð ég að þér séuð ósáttir við svör ráðuneytisins við umræddu bréfi og teljið það ekki hafa brugðist við erindinu með fullnægjandi hætti.


Ég tek fram að mér barst kvörtun frá yður 20. október sl., sbr. mál nr. 9070/2016, er laut að sömu álitaefnum. Í bréfi mínu til yðar, dags. 2. nóvember sl., gerði ég yður grein fyrir starfssviði mínu og hvernig það horfði við gagnvart lagasetningu og störfum þingsins. Þegar ég hafði það mál til meðferðar lá fyrir að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins hafði sent ráðuneytinu erindi yðar til nefndarinnar til upplýsingar. Þá hafið þér eins og áður segir sent frekari athugasemdir yðar til ráðuneytisins. Í bréfi ráðuneytisins til yðar, dags. 30. nóvember sl., vísar það til frumvarpsins til laganna um aðdraganda og ástæður þess að frumvarpið var lagt fyrir og vísað til þess sem þar kemur fram. Var það afstaða ráðuneytisins að það taldi ekki unnt að fjalla frekar um þau álitaefni sem komu fram í bréfi yðar eða leggja mat á aðstæður sem þar eru tilgreindar.

Eins og áður hefur komið fram í bréfi mínu til yðar, dags. 2. nóvember sl., er mér ekki unnt að fjalla um störf Alþingis og hvernig til hefur tekist með lagasetningu, sbr. a-liður 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/1997. Stendur þá eftir að leggja mat á hvort tilefni sé til þess fyrir mig að gera athugasemdir við viðbrögð ráðuneytisins við bréfi yðar. Á stjórnvöldum hvílir almennt skylda til að svara skriflegum erindum nema svars sé ekki vænst. Hvert skal vera nánara inntak svaranna

fer eftir því hvert efni bréfsins er og hvort það varði tiltekið stjórnsýslumál sem viðkomandi er aðili að eða hvort um sé að ræða ábendingar almenns eðlis eða beiðni um svör við fyrirspurnum án þess að þær tengist stjórnsýslumáli viðkomandi. Þá þarf einnig að hafa í huga tvíþætt eðli starfa ráðherra, þ.e. mörkin milli hins stjórnmálalega starfs hans og starfa hans sem æðsta yfirmanns stjórnsýslu á tilteknu málefnaði og ráðuneytis. Með hliðsjón af efni erindis yðar, því sem ég hef áður greint yður frá um starfsvið umboðsmanns gagnvart störfum Alþingis, sbr. a-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/1997, tel ég ekki rétt að fjalla frekar um kvörtun yðar. Í því sambandi tek ég einnig fram að samkvæmt okkar réttarskipan er það almennt á valdsviði dómstóla að skera úr gildi laga gagnvart stjórnarskrá.

Með vísan til framangreinds lýk ég meðferð minni á kvörtun yðar, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Virðingarfyllst,



The image shows a handwritten signature in black ink. The signature consists of stylized letters that appear to read "Tryggvi Gunnarsson". Below the signature, the name "Tryggvi Gunnarsson" is printed in a smaller, standard font.